

Mánudaginn 29. september 1958.

Nr. 112/1958. Halldór Kjartansson

gegn

Steindóri Hjaltalín

og

Oddi Sigurðssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Vitni synjað að staðfesta vætti sitt. Kærumál.

Dómur Hæstaréttar:

Með kæru 23. júní þ. á., sem hingað barst 28. júlí s. á., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar úrskurð, upp kveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 19. júní þ. á. í máli varnaraðilja Steindórs Hjaltalíns gegn sóknaraðilja, þar sem synjað var kröfu um staðfestingu vættis varnaraðiljans Odds Sigurðssonar. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og varnaraðiljanum Oddi heimilað að staðfesta vætti sitt. Sóknaraðili krefst og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðiljans Steindórs Hjaltalíns eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili Steindór Hjaltalín krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Af hendi varnaraðiljans Odds Sigurðssonar hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð í málinu.

Svo sem í hinum kærða úrskurði greinir, seldi Steindór Hjaltalín f. h. Transport s/f, með samningi 28. júlí 1950, E. B. Malmqvist f. h. Landssambands blandaðra kóra flugvélna TF-CUB fyrir kr. 60.000.00. Skyldi kaupverðið greiddast þannig: Kr. 10.000.00 við undirritun samningsins, kr. 10.000.00 á hverjum gjalddaganna 15. september 1950, 5. janúar 1951 og 5. apríl 1951 og loks kr. 20.000.00 hinn 20. júní 1951. Af skuldinni, eins og hún væri á hverjum tíma, skyldu greiddast 5% vextir. Hinn 13. nóvember 1950 undirritaði sóknaraðili, Halldór Kjartansson, skjal, þar sem því er lýst, að Transport s/f skuldi varnaraðilja Steindóri

Hjaltalín kr. 10.000.00 vegna sölu flugvélarinnar, sem verði gjaldkræfar, þá er Landssamband blandaðra kóra greiði síðustu afborgun af kaupverði flugvélarinnar. Í máli þessu sækir varnaraðili Steindór Hjaltalín sóknaraðilja til greiðslu nefndra sölulauna, enda hafi Transport s/f verið máð úr firmaskrá Reykjavíkur hinn 18. maí 1950. Sóknaraðili reisir vörn sína gegn kröfunni á atriðum, sem komu fram í vætti Odds Sigurðssonar, starfsmanns hans, en Oddur hafði á hendi innheimtu á söluverði flugvélarinnar. Oddur kveður, að Malmquist hafi einungis verið búinn að greiða kr. 50.000.00, þá er félagi sóknaraðilja, Friðþjófur O. Johnson, sem nú er andaður, ritaði fullnaðarkvittun á kaupsamning flugvélarinnar hinn 19. september 1951. Hafi Malmquist fengið kaupsamninginn kvittaðan gegn því, að hann, Malmquist, gerði varnaraðilja Steindóri Hjaltalín skil á hans sölulaunum. Þessu munnlega samkomulagi hafi Malmquist gengið frá síðar og barið því við, að hann hafi greitt flugvélinu að fullu. Malmquist hefur fyrir dómi neitað því, að þess hafi verið farið á leit við hann, þá er honum var gefin fullnaðarkvittun fyrir kaupverði flugvélarinnar, að hann tæki að sér greiðslur til varnaraðilja Steindórs Hjaltalíns af söluverði vélarinnar. Verður það helzt ráðið af framburði Malmquists, að hann telji sig hafa staðið full skil á andvirði flugvélarinnar.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, hefur vitnið Oddur Sigurðsson svo mikilla siðferðislegra og fjárhagslegra hagsmuna sinna að gæta í málinu, að varhugavert telst, að hann staðfesti vætti sitt með eiði eða drengskaparheiti, sbr. 1. tölulið 2. mgr. 127. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja Steindóri Hjaltalín kærúmálskostnað, sem ákveðst kr. 1000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Halldór Kjartansson, greiði varnaraðilja

Steindóri Hjaltalín kr. 1000.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 19. júní 1958.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 24. marz s.l., hefur Steindór Hjaltalín, Flókagötu 16, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 4. nóvember 1953, gegn Halldóri Kjartanssyni, Ásvallagötu 77, hér í bænum, til greiðslu á skuld að fjárhæð kr. 10.000.00 með 6% ársvöxtum frá 19. október 1951 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Stefndi hefur krafist sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómarans.

Stefnandi kveður hina umstefndu skuld vera samkvæmt skuldafirlýsingu, dagsettri 13. nóvember 1950, undirritaðri af stefnda f. h. Transport s/f. Stefnandi kveður Transport s/f hafa verið afmáð úr firmaskrá Reykjavíkur 18. maí 1950.

Málavextir eru þessir: Með samningi, dagsettum 28. júlí 1950, seldi Transport s/f Landssambandi blandaðra kóra flugvélinu TF-CUB fyrir kr. 60.000.00. Er samningur þessi undirritaður af stefnda f. h. seljanda og af E. B. Malmquist f. h. kaupanda. Um greiðslu kaupverðs segir svo í samningi þessum: „Kr. tíu þúsund krónur 00/100 við undirskrift þessa samnings. Síðan tíu þúsund krónur 00/100 í hvert skipti þann 15. september 1950, 5. janúar 1951, 5. apríl 1951 og loks tuttugu þúsund krónur 00/100 20. júní 1951. Af skuldinni, eins og hún er á hverjum tíma, greiðast vextir 5% p. a.“ Hinn 19. september 1951, að því er bezt verður séð, var af hálfu seljanda rituð fullnaðarkvittun á kaupsamninginn og mun hann síðan hafa verið afhentur E. B. Malmquist f. h. kaupanda. Af hálfu seljanda var fullnaðarkvittun þessi undirrituð af Friðþjófi O. Johnson, sem nú er látinn.

Stefndi reisir varnir sínar á því, að á milli stefnanda og umboðsmanns kaupanda flugvélarinnar hafi komið á samkomulag um að skipta umræddum kr. 10.000.00 að jöfnu milli þeirra tveggja. Hafi umboðsmaður kaupanda, E. B. Malmquist, fengið umrædda fullnaðarkvittun gegn því að greiða aðeins kr. 50.000.00 af kaupverðinu á þeirri forsendu, að þær kr. 10.000.00, sem eftir stæðu, yrðu greiddar stefnanda og umræddum E. B. Malmquist.

Í máli þessu hefur verið lagt fram ýtarlegt vottorð Odds Sigurðssonar, fulltrúa stefnda, um afskipti hans af viðskiptum þessum. Kemur þar fram, að Oddur hefur af hálfu seljanda að mestu

leyti tekið við greiðslum afborgana kaupverðsins og samið um breytingar á þeim, þó í samráði við eigendur Transport s/f. Einnig kemur fram í vottorðinu, að fullnaðaruppgjör á greiðslum kaupverðsins muni að einhverju leyti hafa farið fram samkvæmt upplýsingum Odds um eftirstöðvar kaupverðsins.

Oddur Sigurðsson hefur komið fyrir dóm í máli þessu og borið vitni um þessi afskipti hans af viðskiptum þessum.

Af hálfu stefnanda hefur framburði vitnisins Odds verið mótmælt sem röngum, vilhøllum og óstaðfestum. Af hálfu stefnda hefur verið krafizt, að vitninu Oddi verði heimilað að staðfesta vætti sitt hér fyrir dómi með eiði eða drengskaparheiti. Af hálfu stefnanda hefur því verið mótmælt, að vitninu verði heimiluð staðfestingin, þar sem það sé háð stefnda og úrslit málsins kunni að skipta máli fyrir það. Af hálfu stefnda hefur því verið mótmælt, að vitnið sé óvilhallt eða þannig riðið við mál þetta að synja beri því um heimild til staðfestingarinnar.

Var atriðið tekið til úrskurðar.

Þegar virt eru afskipti vitnisins Odds Sigurðssonar af viðskiptum þeim, sem liggja til grundvallar máli þessu, þá þykir vitnið svo við mál þetta riðið og afstaða þess gagnvart stefnda slík, að varhugavert sé að heimila því að staðfesta vætti sitt í máli þessu. Verða því mótmæli lögmanns stefnanda gegn staðfestingunni tekin til greina.

Guðmundur Jónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Vitninu Oddi Sigurðssyni verður eigi leyft að staðfesta vætti sitt í máli þessu.
